

Ágætu gestir

Líftækni er vísindagrein sem er þverfagleg í eðli sínu og krefst þekkingar á ýmsum sviðum heilbrigðis- og lífvísinda en einnig á fögum á borð við efna-, líf- og verkfræði.

Þróun líftækninnar hefur verið hröð undanfarin ár og hagnýting hennar í iðnaði hefur aukist. Samhliða því fjölga atvinnutækifærum og möguleikum til nýsköpunar, ekki síst hér á Íslandi með tilkomu fyrirtækja tengdri líftækni. Því er greinileg þörf í atvinnulífinu fyrir einstaklinga með menntun á þessu sviði, sem Háskóli Íslands ætlar að mæta.

Námsleiðin í iðnaðarlíftækni kom til í kjölfarið á umræðum á milli okkar í Háskóla Íslands og stjórnenda Alvotech. Það var síðan samstarfsnefnd HÍ og Alvotech sem kom beint að stofnun námsins vorið 2019 og strax í kjölfarið tók námsstjórn í iðnaðarlíftækni við keflinu.

Í henni sitja Berglind Eva Benediktsdóttir, formaður námsstjórnar, Jens Guðmundur Hjörleifsson, akademískur leiðtogi námsins, Snædís Huld Björnsdóttir og Dr. Magnús Már Kristjánsson frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði og María Guðjónsdóttir frá Heilbrigðisvísindasviði. Með nefndinni starfar svo Bjargey Anna Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri námsins. Afar öflugur hópur.

Nemendur í náminu koma víða að, þó enn sé stærsti hluti þeirra innlendur. Bakgrunnur þeirra er nokkuð fjölbreyttur og íslensku nemanir eru m.a. með BS í líftækni frá Háskólanum á Akureyri og úr ýmsum námsleiðum við Háskóla Íslands, svo sem lífefna- og sameindalíffræði, lyfjafræði, líffræði og efnaverkfræði.

Erlendu nemendurnir koma víða að, frá Bandaríkjunum, Indlandi, Ítalíu og Rúmeníu.

Samþykktir namar fyrir næsta skólaár koma frá Íslandi, Indlandi, Ítalíu, Íran, Pakistan, Kína og Bandaríkjunum.

Lokaverkefni í iðnaðarlíftækni sem við fáum kynningu í dag hafa nú þegar verið unnin eða verða unnin í samstarfi við aðila innan HÍ en einnig iðnaðarlíftækni-tengdum fyrirtækjum á borð við Alvotech, Algalíf, ORF Líftækni, Saga Natura, Vaxa og Zymetech.

Það er mjög ánægjulegt að sjá hvað þessi námsleið er strax orðin öflug og ég hlakka til að sjá afrakstur þeirra miklu vinnu sem ég veit að nemendur hafa lagt í verkefni sín. Ég óska þeim öllum til hamingju með árangurinn.